



Landslög
Borgartún 26
150 Reykjavík
Jón Gunnar Ásbjörnsson hdl.

Hornafirði, 8. mars 2017
nr. erindis 201702030 BIJ

Málefni: Sveitarfélagið hafnar kröfu Ice Lagoon ehf. um viðurkenningu á bótaskyldu

Vísað er til erindis þíns, dags. 9. febrúar sl., f.h. umbjóðanda þíns Ice Lagoon ehf., kt. 440511-0660, þar sem farið er fram á að Sveitarfélagið Hornafjörður viðurkenni bótaskyldu vegna ólögmætra aðgerða þess. Í erindinu telur umbjóðandi þinn að með dómi Hæstaréttar frá 17. nóvember 2016 í máli nr. 44/2016 hafi endanlega verið skorið úr um að skilyrði sveitarfélagsins um samþykki allra landeigenda fyrir umsókn um stöðuleyfi reyndist ekki á rökum reist.

Sveitarfélagið hafnar kröfu umbjóðanda þíns um viðurkenningu á bótaskyldu. Sveitarfélagið telur ekki skilyrði fyrir skaðabótaskyldu uppfyllt enda voru afgreiðslur sveitarfélagsins á umsóknum umbjóðanda þíns í fullu samræmi við lög og reglur og vandaða stjórnsýsluhætti. Auk þess voru ákvarðanir sveitarfélagsins í samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulag á hverjum tíma. Sjónarmiðum um annað hafnar sveitarfélagið sem röngum. Jafnframt hafnar sveitarfélagið áskorun um að ganga til viðræðna við umbjóðanda þinn um uppgjör á skaðabótum.

Sveitarfélagið er ósammála fullyrðingu umbjóðanda þíns um að í máli nr. 44/2016 hafi Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að óheimilt væri að krefjast samþykki allra landeigenda fyrir stöðuleyfi. Í málinu var ekki fjallað um reglur um stöðuleyfi skv. byggingarreglugerð og ekki um gildandi skipulagsáætlun á svæðinu, heldur var tekist á um gildi leigusamnings og meðferð sameignar og ráðstöfun hennar að hluta. Með því að umbjóðandi þinn telur sig hafa orðið af hagnaði vegna synjunar skipulags- og byggingarfulltrúa á umsókn um stöðuleyfi á austurbakka Jökulsárlóns og leyfi til nýtingar í þjóðlendu á vesturbakkanum virðist hann ganga út frá því að hann hafi átt tilkall til framangreindra leyfisveitinga. Þessu er sveitarfélagið ósammála og vísar í því samhengi einkum til áður nefndra laga um mannvirki, byggingarreglugerðar nr. 112/2012, laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda,

1317



Þjóðlendna og afrétta og framangreindra sjónarmiða. Sveitarfélagið vill minna á að ný atvinnustarfsemi á umsóttu svæði á austurbakka Jökulsárlóns er í andstöðu við gildandi deiliskipulag og því óheimil. Jafnframt er bent á að öllum umsóknum um atvinnustarfsemi á vesturbakka Jökulsárlóns hefur verið synjað þar sem aðalskipulag Hornafjarðar gerir ekki ráð fyrir uppbyggingu á vesturbakkanum.

Það er hlutverk skipulagsyfirvalda að meta umsóknir um stöðuleyfi og við það mat ber að fylgja reglum mannvirkjalaga nr. 160/2010, byggingarreglugerð nr. 112/2012, markmiðum skipulagslaga nr. 123/2010, sem tíunduð eru í 1. gr. þeirra, og skipulagsáætlana sem gilda fyrir svæðið. Við töku ákvarðana eru skipulagsyfirvöld enn fremur bundin af lögmætis- og meðalhófsreglu stjórnisýsluréttarins, er felur m.a. í sér að með ákvörðun sé stefnt að lögmætum markmiðum og að ekki sé gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná þeim markmiðum. Að gættum þessu grundvallarreglum og markmiðum hafa skipulagsyfirvöld mat um það hvernig skipulagsákvörðunum er háttað. Umsóknir um stöðuleyfi hjá sveitarfélaginu fá sambærilega málsmeðferð enda sé um sambærileg mál að ræða. Ef landeigendur eða lóðarhafar eru fleiri en einn er ávallt krafist samþykkis allra landeigenda eða lóðarhafa fyrir umsóttum lausafjarmunum. Þessi framkvæmd hefur verið viðhöfð um árabil hjá sveitarfélaginu, óháð umsækjendum, embættismönnum og kjörnum fulltrúum. Þá ber sveitarfélaginu að skoða í hverju tilviki fyrir sig hvort umsótt starfsemi eða lausafjarmunir uppfylli skilyrði gildandi skipulagsáætlunar fyrir svæðið. Umbjóðandi þinn veit mætavel að sveitarfélagið hefur ekki veitt leyfi á undanförunum árum fyrir atvinnurekstur utan mannvirkjasvæðis skv. deiliskipulagi, heldur hvatt sameigendur til að hefja uppbyggingu mannvirkja og atvinnureksturs innan mannvirkjasvæðisins, sem er í samræmi við markmið og skilmála deiliskipulagsins. Þar eru skilgreindir byggingarreitir sem heimilt er að byggja innan. Ákvarðanir sveitarfélagsins er varða austurbakka Jökulsárlóns hafa því stuðst við efnisrök og stefnu gildandi skipulagsáætlana.

Til upprifjunar þá kom umbjóðandi þinn, ásamt öðrum sameigendum jarðarinnar Fells og stjórn Sameigendafélags Fells, að undirbúningi að nýju deiliskipulagi á austurbakka Jökulsárlóns sem tók gildi í september 2013. Líkt og kemur fram í deiliskipulaginu er ekki gert ráð fyrir mannvirkjum, lausafjarmunum eða atvinnustarfsemi á hinu umsótta svæði. Svæðið er skilgreint sem áningarstaður með útsýnisstöðum, sbr. kafla 4.2.7 í greinargerð með deiliskipulaginu en þar segir m.a.: „Þetta eru staðir þar sem grípa þarf til aðgerða til að forða sliti og skemmdum á landi og gróðri vegna átrodningu. Áningarstaðir verði mótaðir þannig að tilefni verði til að staldra frekar við, velta vöngum og njóta útiveru og útsýnis“. Auk þess kemur skýrt fram að þjónustubygging á austurbakkanum skuli fjarlægð og ummerki eftir hana þegar uppbygging hefst á nýjum byggingarreit, sbr. kafli 4.3 í greinargerð. Umbjóðandi þinn hefur því ekki verið í góðri trú að honum væri nýting heimil á austurbakkanum þar sem starfsstöð hans hefur verið undanfarin ár.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Sveitarfélagið vill minna á að umbjóðandi þinn hefur frá árinu 2011 selt ferðmönnum siglingar á gúmmibátum á Jökulsárlóni þrátt fyrir að starfsstöð hans væri í óleyfi. Umbjóðandi þinn hefur stundað bátasiglingar á Jökulsárlóni á árunum 2011-2016 og þannig virt ákvarðanir sveitarfélagsins að vettugi. Að framangreindu virtu er það algerlega ósannað og óvíst að lögmætar ákvarðanir sveitarfélagsins um að synja umbjóðanda þínum um stöðuleyfi hafi haft áhrif á starfsemi hans.

Virðingarfyllt

Björn Ingi Jónsson

Björn Ingi Jónsson
bæjarstjóri

Sveitarfélagsins Hornafjarðar

